



Alþingi
Erindi nr. P 141/627
komudagur 19.11.2012

Umsögn frá Dýrahjálpar Íslands varðandi frumvarp til laga um velferð dýra (283. Þingmál)

19. nóvember 2012

Stjórn Dýrahjálpar hefur lesið yfir frumvarpið. Hér er að finna athugasemdir og tillögur varðandi frumvarp til nýrra laga um dýravelferð.

Það er mat stjórnar Dýrahjálpar Íslands að það þarf að vera ljóst að þeim embættum sem ætlað er að framfylgja þessum nýju lögum sé tryggt það fjármagn sem þarf til. Það hefur verið í umræðu meðal aðila sem vinna að dýratengdum málefnum að þeir sem er ætlað að framfylgja lögum um dýravernd og dýravelferð hafi ekki undan þeim verkefnum sem þarf að sinna í umhverfi eldri laganna um dýravernd. Þegar nú eru komnar frekari heimildir og skýrari lög þarf augljóslega að vera til staðar fjármagn og starfsfólk til að sinna þeim umfangsmeiri verkefnum sem munu koma á þeirra borð.

3. gr.

Það er mat okkar að það mætti einnig skilgreina „meindýr“.

5. gr.

Við teljum mikilvægt að fulltrúi frá Dýrahjálpar Íslands eigi fulltrúa í fagráði um dýravelferð. Dýrahjálpar Íslands er með stærstu félögum á Íslandi sem sinna gæludýrum, félagið telur 16.700 meðlimi. Dýrahjálpar er líklega í mestum tengslum við gæludýraeigendur af þeim félögum sem sinna málefnum dýra. Við erum hópur fólks sem vinnur fjöldamarga tíma daglega bæði hvað varðar að aðstoða eigendur við að finna heimili fyrir dýr og hins vegar hvað varðar fræðslu með útgáfu fréttabréfs og sem aðili sem svarar öllum fyrirspurnum sem okkur beras. Fjöldi fyrirspurna berst á hverjum degi í gegnum heimasíðuna og hefur safnast gríðarlega mikil þekking meðal þeirra sem vinna starfið hjá Dýrahjálpar þar sem fyrirspurnirnar eru af öllu tagi, allt frá fyrirspurn hvað skal gera ef köttur klórar sófa í það hvað skal gera ef viðkomandi veit af því að verið er að beita dýr ofbeldi. Við erum í góðu sambandi við dýralækna, dýraþjálfara, matvælastofnun, Kattholt og aðra sem sinna málefnum dýra. Dýraverndarsambandið sinnir dýravernd en fjallar að miklu leyti um búfenað á meðan Dýrahjálpar er að okkar mati í mestu tengslum við samfélag gæludýraeigenda af þeim félögum sem vinna að málefnum dýra.

6. gr.

Þessi grein gæti verið skýrari. Það er ekki tilgreint hvað „fara vel með dýr“ þýðir. Það gefur mikinn möguleika á túlkun lesanda. Greinagerðin varðandi þessa grein laganna er aftur á móti mjög skýr og því gæti verið hægt að nota texta þaðan inn í greinina.



7. gr.

Þessi grein er góð. Það má þó benda á að það er ekki fjallað um hvað skal gera við dýrahrae, hvert er farið með þau. Það á kannski ekki við undir þessari grein, enda er fyrirsögnin „Hjálparskylda“. Það er þó okkar mat að þetta þurfi að skilgreina. Ef um er að ræða merkt dýr þá ætti að vera krafa á lögreglu og þá sem hirða dýrin að kanna hvort að dýrin séu merkt og tilkynna eigendum. Við fáum reglulega upplýsingar um að þessu sé ekki sinnt og eigendur dýra fá oft ekki upplýsingar um það ef keyrt er á gæludýr þeirra. Eins ef einstaklingur finnur hrae, hvað ber að gera í þeim tilfellum? Það mætti skylda einstaklinga til þess að tilkynna til lögreglu sem ber að hirða hrae og kanna hvort dýrið sé merkt. Við vísum hér í könnun sem var framkvæmd af Dýraverndarsambandinu, það er ljóst að þetta þarf að skýra betur hvað varðar lögreglu og starfsmenn sýslumannsembætta.

Málgrein 2: Þetta mætti skýra örlítið betur. Við vitum til þess að það eru ekki öll sveitafélög að sinna þessari skyldu. Hvernig er hægt að skylda sveitafélög til að sinna þessu og hafa í huga velferð dýranna að leiðarljósi? Til að nefna dæmi, ef um er að ræða mikið vandamál með fjölda villikatta eða ketti sem hafa farið af heimili sínu og halda sig saman við villiketti. Er hægt að skylda sveitafélög að vera í samráði við samtök eins og okkar eða Kattholt þegar verið er að vinna að slíkum vandamálum til að aðilar sem hafa þekkingu á tegundinni komi að því að velja rétt verklag til að sem mestar líkur eru á því að dýravelferð sé höfð að leiðarljósi?

10. gr.

Þetta er ekki nægilega skýrt að okkar mati. Hvað þýðir „geta“ til að annast dýr í samræmi við lög. Er það fjárhagsleg geta (það er dýrt að halda dýr), líkamleg geta (verður viðkomandi að geta stjórnað dýrinu sbr stórir hundar/hestar osfrv) eða andleg geta (þolinmæði gagnvart dýrum sem bregðast ekki við eins og viðkomandi vill) osfrv.

12. gr.

Á þetta við um tilkynntar heimsóknir eða falla hér líka undir ótilkynntar heimsóknir. Það er mikilvægt að okkar mati að taka fram að viðkomandi sem heimsækir sé ótengdur, óskyldur og óháður þeim sem verið er að sinna eftirliti með.

15. gr.

Málgrein 2: Varðar umfjöllun um að það sé einungis leyfðar geldingar á dýrum ef það er „talið nauðsynlegt“. Við teljum að það sé nauðsynlegt að breyta þessari málgrein. Það má lesa út úr þessu að gelding sé ekki vanaleg/eðlileg aðgerð og sett að jöfnu við fegrunaraðgerð. Það þyrfti að gera greinarmun á búfé og gæludýrum hvað þetta varðar. Vegna offjölgunar hunda og sérstaklega katta þá er að okkar mati nauðsynlegt að það sé hvatt til geldinga, hið minnsta fjallað um það á þann hátt að þetta sé eðlileg aðgerð.

Málgrein 3: Við viljum að undanþága frá því að deyfa grísi við geldingu verði tekin út og að grísir, eins og önnur dýr, fái deyfingu við þessa sársaukafullu aðgerð. Þá teljum við að verkjastillandi meðferð sé ekki fullnægjandi.

Varðandi lið c) í málgrein 5: „merkingar og eyrnarmörkun, aðrar en örmerkingar“. Þarf mögulega að að greina gæludýr og búfénað, er til dæmis leyfilegt fyrir hvern sem er að tattúvera merkingar í eyru katta? Gæludýr þyrfti að einstaklingsmerkja af dýralæknum eða öðrum sem hafa fengið til þess sérstakt leyfi.



20.gr.

Hér er ekkert fjallað um slátrun í tengslum við mismunandi trúarbrögð. Er leyfilegt að slátra dýrum samkvæmt „kosher“ aðferð? Þetta verður að skýra betur og fjalla um. Varðandi undanþágu við banni við að drekkja dýrum í tengslum við minnka þá teljum við ekki réttlætanlegt að undanskilja eina dýrategund með þessum hætti. Þá þykir okkur einkar slæmt að undantekning þessi skuli eiga við um sunddýr.

21.gr.

Þetta er mjög góð grein! Er búið að setja tímalínu fyrir þetta, þ.e. er „grace period“ sem fólk hefur til að merkja dýrin? Eru viðurlög við því að merkja ekki dýrin fyrst það er „skylt“ að merkja dýrin? Einnig, á þetta aðeins við um dýr sem fæðast eftir að lögin taka gildi eða á þetta við um öll dýr?

Það mætti bæta við varðandi að „Matvælastofnun ber ábyrgð að að starfæktir séu gagnagrunnar um skráningu einstaklingsmerkja og er heimilt að fela öðrum starfrækslu gagnagrunns“, það mætti bæta við umfjöllun um uppfærslu á grunninum, þ.e. að það sé ekki nóg að dýrin séu skráð þegar þau eru merkt heldur þarf að uppfæra upplýsingar í grunninum þegar dýr fá nýja eigendur þar sem það er mjög algengt að dýr skipti um eigendur, sérstaklega gæludýr.

22.gr.

Það kemur ekki fram hvað umráðamanni eða sveitafélagi er skylt að gera við dýrið eftir að það er fangað.

27.gr.

Vísun í fyrri athugasemd varðandi það að það vantar skilgreiningu á „meindýr“.

28.gr.

Það væri mjög gott að setja í reglugerð um umönnun dýra mjög ítarlegar lýsingar á þeim aðbúnaði sem þarf fyrir hverja dýrategund. Til dæmis lágmarkst stærð búra fyrir nagdýr og önnur dýr sem eru alla jafna í búrum osfrv. Við vitum til þess að dýr eru oft geymd í of litlum búrum og oftar en ekki er það ekki vilji eigandans að veita dýrinu nægilegt rými heldur er skortur á þekkingu á dýrunum sem veldur. Það er því gott að hafa viðmið í reglugerð.

32.gr.

Eina athugasemdin hér varðar að gjaldskrá þarf að vera gagnsæ hvað varðar útreikning á gjaldi og aðgengi að þeim upplýsingum þarf að vera til staðar.

38.gr.

Eitt til tvö ár í fangelsi teljum við vel sloppið, er þetta í samræmi við viðurlög erlendis?